

## Fréttatilkynning

Komið hefur upp grunur um salmonellu smit í ferskum kjúklingi framleiddum af Matfugli ehf. Frekari rannsóknir er þörf til þess að staðfesta gruninn en þangað til þykir fyrirtækinu rétt að innkalla vöruna.

Um er að ræða kjúkling með rekjanleikanúmerinu 215-20-25-1-01.

- Vöruheiti: Ali, Bónus
- Framleiðandi: Matfugl ehf, Völuteigi 2, 270 Mosfellsbæ
- Lotunúmer: 215-20-25-1-01 (heill kjúklingur, bringur, fille, leggir, vængir og læri) með síðasta notkunnardag 28.07.20 - 30.07.20
- Dreifing: Bónusverslanir, Krónuverslanir Iceland og Fjarðarkaup.

Dreifing á afurðum hefur verið stöðvuð og í samræmi við innra eftirlit fyrirtækisins er unnið að innköllun vörunar.

Neytendur sem keypt hafa kjúkling með þessu rekjanleikanúmeri eru beðnir um að skila honum í viðkomandi verslun eða beint til Matfugls ehf., Völuteigi 2, Mosfellsbæ.

Til að varast óróleika hjá neytendum skal það tekið fram að þessi kjúklingur er hættulaus fari neytendur eftir áprentuðum leiðbeiningum um eldun kjúklinga, sem finna má á umbúðum. Steiki kjúklinginn í gegn og passi að blóðvökvi fari ekki í aðra matvöru.

ATH innköllunin á eingöngu við um kjúkling með þessu tiltekna rekjanleikanúmeri.

Mosfellsbær, 24.07.2020.

Nánari upplýsingar hjá Matfugli í s. 412-1400